

## REGLUGERÐ

### um (7.) breytingu á reglugerð nr. 817/2012, um sóttvarnaráðstafanir.

1. gr.

1. málsl. 6. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Uppfylli einstaklingur ekki skilyrði faglegra fyrirmæla landlæknis skal hann greiða 7.000 kr. gjald fyrir PCR-próf eða 4.000 kr. gjald fyrir hraðpróf á vegum heilsugæslu vegna greiningar á SARS-CoV-2 veirunni, hvort sem hann er sjúkratryggður eða ósjúkratryggður.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er á grundvelli 12., 13., 17. og 18. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, og 1. tölul. 1. mgr. og 5. mgr. 29. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum, tekur þegar gildi.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 14. júní 2021.*

F. h. r.

**Ásthildur Knútsdóttir.**

*Guðlaug Einarsdóttir.*